

Kirkjuráð



ÞJÓÐKIRKJIAN

Reykjavík, 23. júní 2009

Allsherjarnefnd og
Efnahags- og skattanefnd Alþingis

Biskupsstofu hefur borist frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum til umsagnar frá efnahags- og skattanefnd Alþingis. Í frumvarpinu er m.a. lögð til skerðing sóknargjalda frá og með 1. júlí 2009 og síðan enn frekari skerðing árið 2010.

Kirkjuráð Þjóðkirkjunnar fer fram á að breytingar verði gerðar á frumvarpinu í meðförum Alþingis með stuðningi Ríkisstjórnar Íslands, með eftirfarandi hætti:

- Fyrirhugaðri skerðingu á sóknargjaldinu árið 2010 verði deilt á tvö ár, 2010 og 2011.
- Sóknargjald til Þjóðkirkjunnar verði samkvæmt því ekki lægra en 800 kr. á mánuði árið 2010 og 2011.
- Árið 2012 og eftirleiðis taki sóknargjaldið árlegum breytingum í samræmi við 2. gr. laga um sóknargjald o.fl. nr. 91/1987, miðað við sóknargjald í lok árs 2011.

Greinargerð

I. Eðli sóknargjalda

Sóknargjöld voru lengst af nefskattur sem trúfélögin og kirkjusóknir Þjóðkirkjunnar innheimtu sjálf. Síðar tóku sveitarfélögin við þeirri innheimtu. Það einkenni þess tímabil að gjald þetta fékkst ekki hækkað árum saman á miklum verðbólgutímum og gjöldin þá verulega að raungildi.

Árið 1988 var tekin upp staðgreiðsla tekjuskatts. Ýmis konar opinber gjöld, sem áður höfðu verið álögð og innheimt sérstaklega voru nú öll felld inn í staðgreiðsluna til einföldunar og hagræðis. Í tengslum við þær breytingar voru sett lög um sóknargjald o.fl. nr. 90/1987. Í þeim lögum var svo fyrir mælt að sóknargjöld til Þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga skyldu innheimt með tekjuskatti. Jafnframt var ákveðið hver fjárhæð gjaldsins skyldi vera og hvernig hún tæki breytingum með hliðsjón af verðlagsþróun. Ríkið yfirtók þannig innheimtu á tekjustofnum Þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga. Sóknir Þjóðkirkjunnar misstu þar með rétt sinn til að jafna niður á sóknarmenn kostnaði við kirkjubyggingar sem þær höfðu áður. Heimilt var einstökum sóknnum að tvöfalda sóknargjöld um tiltekið árabíll ef ráðist skyldi í kostnaðarsamar framkvæmdir, en sú

heimild var felld niður og stofnaður Jöfnunarsjóður sókna. Með setningu laga um sóknargjald var gengið út frá því að nú væri tryggt að sanngjörri viðmið væru fundin og að tekjustofn Þjóðkirkjunnar og trúfélaganna væri tryggur. Innheimtuþjónusta ríkisins er Þjóðkirkjunni vissulega dýrmæt, en hafa verður þessa forsögu málsins í huga.

Í athugasemdum við lagafrumvarp þetta segir m.a.:

Framlög úr ríkissjóði til þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og Háskóla Íslands hafa verið lögboðin, svonefnd sóknargjöld. Þrátt fyrir nafngiftina eru ekki innheimt nein sóknargjöld af ríkinu heldur er framlagið reiknað samkvæmt lögum á grundvelli ákveðinna viðmiða sem rakin eru í athugasemd með þeirri grein frumvarpsins sem fjallar um sóknargjöld.

Í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins segir ma.:

Framlög úr ríkissjóði vegna sóknargjalda til þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og Háskóla Íslands hafa verið lögboðin en þrátt fyrir nafngiftina eru í reynd ekki innheimt nein sóknargjöld af ríkinu heldur er um það að ræða að framlagið er reiknað samkvæmt lögum á grundvelli ákveðinna viðmiða.

Þessi framsetning fær, samkvæmt því sem að framan er rakið, vart staðist.

II. Misræmi milli lagafrumvarps og athugasemda við það

Í VI. kafla frumvarpsins, ákvæði til bráðabirgða, er kveðið á um skerðingu frá gildistöku frumvarpsins þannig að gjaldið verði 811 kr. á mánuði og á árinu 2010 skuli gjaldið verða 767 kr. á mánuði fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldaári.

Í almennum athugasemdum – útgjaldahlið - um lögin um sóknargjöld er hins vegar sagt að gjaldið verði 798 kr. á mánuði árið 2009. Þetta þarfnast athugunar.

III. Fyrri skerðingar hjá Þjóðkirkjunni

Kirkjuráð minnr á að Þjóðkirkjan hefur tekið á sig varanlegar skerðingar áður.

Árið 1994 voru árleg framlög ríkisins til kirkjugarða þ.e. kirkjugarðsgjöld, skorin varanlega niður um 90 millj. kr. á þágildandi verðlagi.

Árið 2002 voru sóknargjöld skert þannig að þau hækkuðu ekki milli ára eins og verða átti samkvæmt 2. gr. laga um sóknargjald o.fl. nr. 90/1987. Sú skerðing varð einnig varanleg. Á síðasta ári voru sóknargjöld enn skert fyrir árið 2009.

Samtals nema framangreindar skerðingar á sóknargjöldum um 1.4 milljörðum.


Þjóðkirkjan er að sjálfsögðu reiðubúin að taka þátt í þeim erfiðu aðgerðum sem ráðast þarf í vegna stöðu ríkisfjármála. Vegna fyrri skerðinga og skuldbindinga sem söfnuðir Þjóðkirkjunnar standa frammi fyrir um land allt í þágu allra landsmanna er þess óskað að skerðingin sé yfirfærð á tvö ár í stað eins. Einnig verði árlegar breytingar á sóknargjöldum frá og með árinu 2012 á grundvelli laga um sóknargjald o.fl. nr. 91/1987. Þannig myndi dóms- og kirkjumálaráðherra, í samræmi við 3. mgr. 2. gr., ákveða breytingar á sóknargjaldi í janúarmánuði 2012 til bráðabirgða á grundvelli spár um tekjuþróun tveggja næstliðinna ára. Við þá ákvörðun yrði að óbreyttu miðað við sóknargjald ársins 2011. Kirkjuráð bendir á brýna nauðsyn þess er að festa sé ríkjandi um

fjárhæð sóknargjalda og breytingar á þeim svo unnt sé að gera raunhæfar áætlanir og takast á hendur skuldbindingar á traustum grunni.

Fylgiskjal:

Yfirlit um þróun sóknargjalda 1999 – 2009 og tengd framlög.
Tölulegar upplýsingar um áhrif vegna tillagna Þjóðkirkjunnar

Virðingarfyllst f.h. Kirkjuráðs



Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfr.
Framkvæmdastjóri Kirkjuráðs

Biskupstofa

Hækkun sóknargjalda	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Sóknargjald pr. gjaldenda pr. mánuð	479,21	520,51	566,05	566,05	597,00	617,80	662,90	719,91	791,00	872,00	855,00
Fjöldi í gjaldenda í bjóðkirkjunni 1. desember sama ár	185.560	186.784	187.682	188.279	189.257	190.689	192.335	193.681	194.544	195.576	
Sóknargjöld í þús.kr. fl. gjald. árið áður * sóknargj. pr. gjald. * 12 mán.	1.058.383	1.159.030	1.268.749	1.274.849	1.348.831	1.403.076	1.516.893	1.661.567	1.838.420	2.035.708	2.006.610
Hækkun sóknargjalda frá fyrri ári	12,55%	8,61%	8,74%	0,00%	5,46%	3,48%	7,30%	8,60%	9,87%	10,24%	-1,95%
Fjöldi sóknarberna 1. des.	247.245	248.411	249.258	249.456	250.051	250.661	251.728	252.234	252.461	252.948	
Fjöldi íbúa alla 1. des.	278.702	282.845	286.275	288.201	290.490	293.291	299.404	307.261	312.872	319.756	
Hlutfall í bjóðkirkjunni	88,7%	87,8%	87,1%	86,6%	86,1%	85,5%	84,1%	82,1%	80,7%	79,1%	
Hlutfall gjaldenda í bjóðkirkjunni	68,6%	66,0%	65,6%	65,3%	65,2%	65,0%	64,2%	63,0%	62,2%	61,2%	

Jöfnunarsjóður sókna skv. ársreikn. í þús.kr.	195.801	214.418	234.718	235.847	249.534	259.569	280.625	307.390	340.108	376.606	371.223
Kirkjumálaesjóður skv. ársreikningi í þús. kr.	119.597	130.970	143.368	144.058	152.418	158.548	171.409	187.757	262.894	291.106	286.945
Sóknargj., Kmsj. og Jöfn.	1.373.781,21	1.504.418,03	1.646.836,00	1.654.753,75	1.750.782,78	1.821.192,70	1.968.926,93	2.156.713,55	2.441.421,83	2.703.420,78	19.022.246,52
Sóknargj., Kmsj. og Jöfn. án skerd.	1.373.781,40	1.504.420,98	1.646.836,20	1.813.775,51	1.918.892,13	1.995.963,97	2.157.895,76	2.363.703,33	2.675.618,38	2.962.744,48	20.413.652,14
	-0,20	-2,95	-1,20	-159.021,76	-168.109,37	-174.791,28	-188.968,83	-206.989,78	-234.196,55	-259.323,71	-1.391.405,62

Ráðstafanir í ríkisfjármálum júní 2009

(í þúsundum króna)

Tillaga Þjóðkirkjunnar

Forsendur
855 Sóknargjald 2009 - janúar til júní (meðaltal 2009 kr. 833)
811 Sóknargjald 2009 - júlí til desember
800 Sóknargjald 2010
800 Sóknargjald 2011
195.576 Fjöldi 1. des. 2008

Sóknargjöld Þjóðkirkjusafnaða
2.018.000 Áætluð sóknargjöld samkvæmt fjárlögum 2009
1.954.978 Endurreiknuð sóknargjöld 2009
<u>63.022 Niðurskurður 2009</u>
1.877.530 Áætluð sóknargjöld 2010
1.877.530 Áætluð sóknargjöld 2011

Jöfnunarsjóður sókna
379.100 Framlag í Jöfnunarsjóð sókna samkvæmt fjárlögum 2009
361.671 Endurreiknað framlag í Jöfnunarsjóð sókna 2009
<u>17.429 Niðurskurður 2009</u>
347.343 Áætlað framlag í Jöfnunarsjóð sókna 2010
347.343 Áætlað framlag í Jöfnunarsjóð sókna 2011

Kirkjumálasjóður
292.400 Framlag í Kirkjumálasjóð samkvæmt fjárlögum 2009
279.562 Endurreiknað framlag í Kirkjumálasjóð 2009
<u>12.838 Niðurskurður 2009</u>
268.487 Áætlað framlag í Kirkjumálasjóð 2010
268.487 Áætlað framlag í Kirkjumálasjóð 2011

Tillaga Þjóðkirkjunnar

Sparnaður ríkis
93.290 Samtals niðurskurður 2009 (miðað við fjárlög 2009)
102.851 Samtals niðurskurður 2010 (miðað við "bandorm" 2009)
102.851 Samtals niðurskurður 2011 (miðað við "bandorm" 2009)